



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 8. desember 2021

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: 08.12.2021 kl. 14:00

Mættir: Anna, Ragnar, Áróra, Íris, Alexandra, Sirrý, Bjarni, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – bjarni@buseti.is
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
8. Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir sl. funda og málefni félags
2. Styrkur úr U&A-ráðuneyti
3. BREEAM Champion á Íslandi
4. Morgunfundir og önnur mál.

1. Fundargerðir sl. funda og málefni félags

Fundargerð síðasta fundar (23.11.2021) var samþykkt með fyrirvara.

2. Styrkur úr U&A-ráðuneyti

Nú hefur fengist samþykkt fjármagn til þriggja verkefna. Unnið verður að undirbúningi þeirra strax eftir áramót.

- 1) Greining á losun mannvirkja – BREEAM vottuð og óvottuð
- 2) Greining á ávinningi og kostnaði umhverfissvottana: Rannsókn á reynslu hagsmunaaðila á vistvottunarkerfum. Ræddur var sá möguleiki að framkvæmdarstjóri annist skipulag og framkvæmd málstofu (í 50% starfi), en að greining að því loknu og úrvinnsla yrði aðkeypt og unnin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Málþing hugsað fyrir alla á Íslandi, ekki eingöngu fyrir aðila.
- 3) Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs

3. BREEAM Champion á Íslandi



Samningur við BREEAM var ræddur lauslega, en búið er að fylla út í Application Pack. Í kjölfarið tekur BRE félagið út og teiknaðir verða upp skilmálar sem og samningur.

Gott væri að fá innlegg helstu notenda á Íslandi, hvort sem það yrði í formi málþings eða með því t.d. að setja saman rýnihóp með lykilaðilum. Mögulega er „hagkvæmast“ að ræða með lykilaðilum fyrst, og nýta sér þær upplýsingar áfram í ferlinu sem og í skipulagi málstofu. Olga og Áróra munu lista upp þessa lykilaðila og taka málið áfram (janúar, febrúar). Í kjölfarið, 3-4 vikum síðar eftir samtöl, væri hægt að efna til málþings (mars). Þetta þyrfti að undirbúa vel.

Hægt er að hugsa sér að ræða sitt í hvoru lagi við 1) assessors, 2) hönnuði og 3) framkvæmdaraðila.

GB getur verið sá aðili sem brúar þekkingu milli aðila og hjálpar til við að þróa verklag til framtíðar. FSR og RVK er nýbúið að hefja slíkt samtali, um samræmingu verklags, og er það mikilvægt fyrir alla aðila.

4. Morgunfundir og önnur mál

Ræddar nokkrar tillögur að morgunfundum (2-3 fyrirlestrar og svo umræður):

- Hringrásarhagkerfi – Freyr Eyjólfsson
- 2 hús: eitt Svansvottað, eitt BREEAM vottað – Sóley byggingarfélag
- Sement
- CLT og önnur lífræn byggingarefni
- Hampsteypa

Setja mætti upp vordagskrá fyrir morgunfundi GB, ca 1 fundur á mánuði, og auglýsa meðal aðila. Áróra undirbýr nú fréttabréf og mun þar kalla eftir góðum hugmyndum meðal aðila.

Skipulag á Nordic webinar gengur vel og það verður auglýst 15. desember.

Fleira var ekki gert. Fundi er slitið kl. 15:40. Næsti fundur 12. janúar 2022.